

Námskeið í útikennslu og útieldun fyrir ALLA kennara sem hafa áhuga

Námskeiðin fara fram helgina 3.-4. október í Aldísarlundi við Hrafnagilsskóla. Boðið verður upp á námskeið fyrir leikskólakennara og fyrir grunnskólakennara.

Guðmundur hefur undanfarin ár kennt heimilisfræði bæði úti og inni við Laugarnesskóla í Reykjavík. Auk þess hefur hann kennt útieldun fyrir Náttúruskóla Reykjavíkur, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, leik- og grunnskóla og á ýmsum námskeiðum fyrir skátahreyfinguna. Guðmundur heldur úti heimasíðunni www.utioldhus.is en þar er hægt að finna fróðleik og myndbönd um útieldun og útikennslu.

NÁMSKEIÐS LÝSING

NÁMSKEIÐ FYRIR LEIKSKÓLAKENNARA.

Laugardag 9:30 - 12:30 eða sunnudag 9:30 - 12:30

Fjallað verður um opin eld, hvernig hann er tendraður og hvernig best er að huga að öryggi í kringum eldinn. Eldað verða yfir eldinum.

Kynntar verða aðferðir við að poppa yfir eldi, hvernig á að búa til snúbrauð í poka, hvernig gera á ís í poka og rætt um hvernig hægt er að nota eldinn í skólalastarfinu.

Námskeiðið er 3 tímar og kostar 4.000 kónur á mann.

NÁMSKEIÐ FYRIR GRUNNSKÓLAKENNARA.

Laugardag klukkan 13 - 17 eða sunnudag klukkan 13 - 17

Sérstök áhersla verður á primusa, ýmsar gerðir og hvernig þær eru notaðar.

Kyntir verða svokallaðir hollendingar (*Dutch Oven*) en þeir eru skemmtileg nýjun á Íslandi og sérstaklega spennandi fyrir eldri nemendur.

Fjallað verður um opin eld, hvernig hann er tendraður og búnir til nokkrir réttir fyrir hann.

Námskeiðið er 4 tímar að lengd og kostar 5.000 krónur á mann.

DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR 3. OKTÓBER.

Námskeið fyrir Leikskólakennara

frá 9:30 til 12:30.

Námskeið fyrir Grunnskólakennara

frá 13:00 til 16:30

SUNNUDAGUR 4. OKTÓBER.

Námskeið fyrir leikskólakennara

frá 9:30 til 12:30.

Námskeið fyrir Grunnskólakennara

frá 13:00 til 17:00

Hámarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er 16 en lágmarksfjöldi 10. Dagskrá námskeiðanna er sú sama svo að þátttakendur geta valið þann dag sem hentar betur.